



Félag atvinnurekenda
Kringlunni 7
103 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 6. maí 2015
Tilv.: ANR15030275/13.2.1

Efni: Leiðrétt bréf frá 4. maí 2015.

Með tölvupósti þann 27. apríl síðastliðinn óskuðu aðilar eftir rökstuðningi fyrir hönd umbjóðenda sinna vegna höfnunar ráðuneytisins þann 21. apríl síðastliðinn á endurgreiðslu til umbjóðenda þeirra. Ráðuneytið sendi yður sambærilegt bréf en þér óskuðu ekki eftir rökstuðningi. Ráðuneytið hefur ákveðið að senda yður einnig rökstuðning enda er staða yðar umbjóðenda sambærileg. Vísað er í bréf yðar frá 23. og 30 mars síðastliðinn og bréf ráðuneytisins frá 21. apríl 2015.

Íslensk stjórnskipun er byggð á þeirri grundvallarreglu að stjórnsýslan sé bundin af lögum. Sú regla er nefnd lögmætisreglan. Í henni felst að ákvarðanir og/eða athafnir stjórnvalda verða að eiga sér viðhlítandi stoð í lögum og vera í samræmi við lög. Við úthlutun á tollkvóta fyrir árið **2015** fór ráðherra eftir lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum þegar það leitaði tilboða í heimildir til innflutnings. Samkvæmt 65. gr. laganna hefur ráðherra val um tvær leiðir þegar kemur að því að úthluta tollkvóta þegar umsóknir berast um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar, láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings. Hér er um gildandi lög að ræða og var ákvörðun ráðherra í samræmi við þau. Ráðuneytið telur því að krafa yðar um endurgreiðslu sé ekki í samræmi við lög.

Með vísan til framangreinds getur ráðuneytið ekki fallist á að endurgreiðslukrafa hafi stofnast út frá lögum nr. 29/1995.

Beðist er velvirðingar á mistökum þessum.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Ólafur Friðriksson


Baldur Sigmundsson